

Félag eldri borgara á Akureyri

Stjórnarfundur EBAK 10. apríl 2018 kl. 13 – 15.

1. fundargerð.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson, Dóra Steinunn Jónasdóttir, Margrét Pétursdóttir, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir varamaður

Fjarverandi: Varamennirnir Egill Jónsson og Birgir B. Svavarsson.

Gestur fundarins: Bergljót Jónasdóttir

- 1. Fundarsetning** – Formaður setti þennan fyrsta fund nýrrar stjórnar EBAK 2018-2019 en þar sem Birgir B. Svavarsson, nýr varamaður stjórnar gat ekki komið, þurftu fundarmenn ekki að kynna sig.
- 2. Verkaskipting stjórnar og skipan framkvæmdaráðs á nýju starfsári.** Formaður bar upp þá tillögu að verkaskipting og framkvæmdaráð verði óbreytt frá síðasta starfsári, þ.e. Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri og Margrét Pétursdóttir ritari auk Hauks Halldórssonar formanns. Stjórnarmenn samþykktu tillögu formanns.
- 3. Fundargerðir** stjórnar nr. 9 frá 16. jan., nr. 10 frá 16. febr. og nr. 12 frá 13. mars sl. yfirfarnar og samþykktar.
- 4. Bergljót Jónasdóttir** kom á fundinn kl. 14 til að ræða sumaropnun í Víðilundi í júlí og undirbúning starfseminnar í félagsmiðstöðvunum báðum á haustönn 2018.
Þetta er fyrsti fundur eftir aðalfund, og mörg verkefni fram undan sem þarf að ræða við Akureyrarbæ. Haukur formaður hefur rætt við Lindu Sigfúsdóttur starfsmann Akureyrarbæjar í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu. Hún hefur lýst áhuga á að verða starfsmaður EBAK og starfa áfram í Bugðusíðu eftir að EBAK tekur við rekstri félagsmiðstöðvarinnar 1. júní nk. Bergljót upplýsti að Linda er ráðin út maí, vann 3 klst. þ.e. 37,5% starf og flokkuð til launa sem matráður 1. Matarinnkaupin í Bugðusíðu þarf að ræða sérstaklega og skoða hvað þarf að kaupa vikulega. Bergljót hefur gert upp matarútgjöldin í Bugðusíðu eftir hverja viku. Formanni og framkvæmdaráði var falið að vinna áfram að samningum við Lindu samkvæmt texta Einingar- Iðju. Í sumar er gert ráð fyrir að opið verði í 3 tíma alla virka daga í báðum félagsmiðstöðvunum. EBAK sér um sumaropnun í júlí í Víðilundi. Í maí byrjar Bergljót að skipuleggja starfið á haustönninni. Hún reiknar með að Birna sjái áfram um opið handverk í Bugðusíðu og Rósa verði með myndlist. Leikfimin verði aftur færð á sína fyrri tíma bæði í Bugðusíðu og Víðilundi. Pálínukaffið verði á sínum stað í Bugðusíðu á mánudögum. Framkvæmdaráðið vinnur áfram að haustdagskránni með Bergljótu í maí.
- 5. Dagbók** á skrifstofu yfirfarin og rædd. 14. mars var Garðar. Einn félagi kom og sagði sig úr félaginu. 21. mars var Dóra. Einn kom og tilkynnti breytt netfang. 28. mars var enginn á skrifstofunni. 4. apríl var Hallgrímur en enginn kom og enginn hringdi.
Halldór lagði fram drög að reglum varðandi skipulag viðveru stjórnarmanna á skrifstofu EBAK. Ákveðið að útfæra slíkar reglur á næsta stjórnarfundi.
- 6. Starfsemin á milli stjórnarfunda.**
Aðalfundur EBAK 26. mars 2018. Menn voru sammála um að fundurinn hafi verið vel undirbúinn, fundarstjórnin góð og flest gengið vel. Skipulag veitinganna þarf að bæta og hljóðkerfið þarfnast endurbóta.

7. **Stjórn EBAK** skal samkvæmt samþykktum félagsins tilnefna 2 aðalmenn og 1 varamann í notendaráð félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi. Samþykkt að fresta tilnefningu fulltrúa EBAK til haustsins.
8. **Ályktanir (2)** aðalfundar EBAK 2018 ræddar. Þær hafa verið sendar til bæjarstjórnar og allra bæjarfulltrúa. Ályktanirnar fara líka sem frétt inn á heimasíðu EBAK.
9. **Undirbúningur** vegna ráðningar starfsmanns í Bugðusíðu. Samþykkt að Haukur formaður undirbúi drög að samningi við Lindu á svipuðum kjörum og hún er á hjá bænum. Þurfum aðra manneskju í september. Linda hefur tekið að sér að halda utan um leiguna á salnum. Semja þarf um greiðslur til Lindu fyrir þá vinnu.
10. **Fjárhagsáætlun** EBAK fyrir árið 2018. Frestað til næsta fundar.
11. **Fundir með formönnum nefnda EBAK** m.a. vegna félagsstarfsins í Bugðusíðu á haustönn 2018. Framkvæmdaráði falið að hitta formenn nefndanna einn og einn í einu til að ræða starfsemina á næsta vetri og breytingar sem fylgja því að EBAK tekur við rekstrinum í Bugðusíðu.
12. **Leiga á salnum** í Bugðusíðu í vor og sumar samkvæmt fyrirbyggjandi pöntunum. Linda tekur á móti pöntunum, sýnir húsakynnin og sér um leiguna samkvæmt reglum og gjaldskrá.
13. **Auka landsfundur LEB** 24. apríl. nk. Sömu fulltrúar og á landsfundi 2017 aðalmenn/varamenn, þ.e. framkvæmdaráðið fer á fundinn.
14. **Kynning á EBAK** á starfslokanámskeiði Einingar - Iðju 25. apríl nk. kl. 18:15-18:45. Halldór tekur að sér að kynna félagið og starfsemi þess.
15. **Kynningarfundir** EBAK og öldungaráðs í apríl/maí. Fyrri fundurinn verður 30. apríl nk. í Bugðusíðu 1. Þar fjalla þeir Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrarbæjar um nýsköpun og velferðartækni í öldrunarþjónustu. Seinni fundurinn verður 17. maí nk. Kristinn Jakob Reimarsson er með efni hans í vinnslu í samstarfi við EBAK og öldungaráð.
16. **Matreiðslunámskeið.** Garðar athugaði þetta mál. Áhugi er hjá VMA að sinna þessu. 20.000 kr. í þrjá tíma. T.d. tvö kvöld. Ef skólinn er með í þessu fáum við þetta ódýrara. Ákveðið að taka málið upp í október.
17. **Ráðstefna** EBAK og HA um félagsauð og heilsu á efri árum „Maður er manns gaman“ verður 12. apríl nk.
18. **Næsti stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 8. maí nk. kl. 13:00.**
19. **Viðvera** á skrifstofu – 11/4 Haukur, 18/4 Egill, 25/4 Garðar, 2/5 Dóra
20. **Önnur mál:**
 - a) Stubbahús. Garðar hafði fundið út að Sandblástur bauð slíkt á 10.000 kr. Samþykkt að kaupa tvö.
 - b) Fyrirspurn: Er hægt að kaupa Vikudag í Bugðusíðuna? Frestað
 - c) Borist hefur bréf frá ferðanefnd með beiðni um styrk. Frestað.

Margrét Pétursdóttir